

Fundargerð stjórnar BÍS 26/2014. miðvikudaginn 10. desember 2014 kl. 17.30, í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs og Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.
Þórhallur Sigurðsson mætti undir lið 8 og kynnti afrakstur vinnu laganefndar BÍS.

Fjarverandi:

Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs og Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs.

Dagskrá:

1. Setning: Bragi Björnsson, skátahöfðingi setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerð síðasta fundar – samþykkt
3. Verkefnaform 2015. Verkefnaform stjórnar lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
4. Rekstraráætlun 2015. Rekstraráætlun BÍS lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
5. Starfsáætlun 2015-2019. Starfsáætlun lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
6. Fjárhagsáætlun 2015-2017. Fjárhagsáætlun lögð fram til samþykktar. Samþykkt.
7. Starfsmannamál BÍS. HS kynnti útfærslu á starfsmannamálum miðað við úthlutað fjármagn í þann lið. Stjórnarmenn samþykkja stóru myndina því endanleg útfærsla er á ábyrgð framkvæmdastjóra.
8. Laganefnd BÍS. ÞS og JÞG kynntu meginniðustöður vinnu laganefndar og næstu skref. Nefndin er búin að setja yfir 600 vinnustundir í verkefnið og þakkar stjórn nefndinni fyrir vel unnin störf. Stjórn samþykkir tillögu nefndarinnar um að hún taki að sér kynningu á afrakstri vinnunnar fram yfir Skátapiing. Stefnt er að því að stjórn fái endanlegar tillögur laganefndar sendar fyrir næsta stjórnarfund.
9. Ferðabeiðni. Samþykkt.
10. Úlfljótsvatn. Tillaga lá fyrir frá formanni Úlfljótsvatnsráðs varðandi breytt rekstrarform á Úlfljótsvatni, þ.e. að færa rekstur ÚSÚ í ehf. Umræður voru um málið. HS er falið að útfæra breytingatillögu til formanns, þ.e. færa rekstur ÚSÚ í eitt ehf, halda fasteignafélagi óbreyttu og beiðni um að í nýju nafni komi fram tenging við skátana. Telst málið samþykkt á þeim forsendum.
11. Verkefnahópur. Landsmótsstjórn. Samþykkt.
12. Önnur mál:
Skátahöfðingi þakkar öllum stjórnarmeðlimum fyrir vel unnin störf á árinu og óskar öllum gleðilegra jóla. Næsti stjórnarfundur er 14. Janúar og samþykkir stjórn að fyrstu tveir stjórnarfundir á árinu verði langir vinnufundir frá kl. 17.30 – 21.00.

Fleira ekki rætt. Fundi slitið kl. 20.21

Fundargerð ritaði HS